

Sjóvá – Árshlutauppgjör

1.156 m.kr. hagnaður og samsett hlutfall 97,6% á fyrstu níu mánuðum ársins 2022

Priðji ársfjórðungur 2022

- Hagnaður af váttryggingastarfsemi fyrir skatta 478 m.kr. (3F 2021: 730 m.kr.)
- Tap af fjárfestingarstarfsemi fyrir skatta 163 m.kr. (hagnaður 3F 2021: 1.764 m.kr.)
- Hagnaður tímabilsins 255 m.kr. (3F 2021: 2.194 m.kr.)
- Ávöxtun fjárfestingareigna í stýringu 0,1% (3F 2021: 3,9%)
- Samsett hlutfall 96,4% (3F 2021: 89,9%)

9M 2022 og horfur

- Hagnaður af váttryggingastarfsemi fyrir skatta 1.076 m.kr. (9M 2021: 1.874 m.kr.)
- Hagnaður af fjárfestingarstarfsemi fyrir skatta 313 m.kr. (9M 2021: 6.132 m.kr.)
- Hagnaður tímabilsins 1.156 m.kr. (9M 2021: 7.372 m.kr.)
- Ávöxtun fjárfestingareigna í stýringu 1,4% (9M 2021: 14,3%)
- Samsett hlutfall 97,6% (9M 2021: 90,8%)
- Horfur fyrir árið 2022 eru óbreyttar og gera ráð fyrir að afkoma af váttryggingastarfsemi fyrir skatta verði um 1.400-1.800 m.kr. og samsett hlutfall um 95-97%.
- Horfur til næstu 12 mánaða (4F 2022 – 3F 2023) gera ráð fyrir að afkoma af váttryggingastarfsemi fyrir skatta verði um 2.200 m.kr. og samsett hlutfall um 95%.

Hermann Björnsson, forstjóri:

„Hagnaður á 3. ársfjórðungi nam 255 m.kr. Sterkur grunnrekstur einkennir niðurstöðu 3. ársfjórðungs og var hagnaður af váttryggingastarfsemi 478 m.kr. fyrir skatta og samsett hlutfall 96,4%. Iðgjaldavöxtur nam 12,4% á fjórðungnum og er vöxturinn bæði á fyrirtækja- og einstaklingsmarkaði. Aukin umsvif núverandi viðskiptavina auk nýrra viðskiptavina stuðla að 16% iðgjaldavexti á fyrirtækjamarkaði. Iðgjöld jukust um 10% á fjórðungnum á einstaklingsmarkaði og gengur vel að sækja nýja viðskiptavini og brottfall er lágt. Í áætlunum gerum við ráð fyrir að stórtjón hendi á hverju ári sem varð reyndin á þessum fjórðungi.

Tap var af fjárfestingastarfsemi á fjórðungnum um 163 m.kr. fyrir skatta. Miklar sveiflur eru í ávöxtun fjárfestingareigna og hafa markaðir verið erfiðir það sem af er ári vegna hárrar verðbólgu og hærri vaxta. Afkoman af fjárfestingastarfsemi er undir því sem við væntum að jafnaði en viðunandi í ljósi aðstæðna á markaði. Brugðist hefur verið við markaðsaðstæðum og áhætta í eignasafninu takmörkuð. Meðal annars hefur vaxtanæmni verðbréfasafnsins verið minnkuð auk þess sem verðtryggingarhlutfall hefur verið aukið yfir síðustu fjórðunga.

Hagnaður fyrstu 9 mánuði ársins nam 1.156 m.kr. þar sem hagnaður af váttryggingastarfsemi fyrir skatta var 1.076 m.kr. og samsett hlutfall 97,6%. Hagnaður af fjárfestingastarfsemi fyrir skatta nam 313 m.kr.

Horfur okkar fyrir afkomu þessa árs og til næstu 12 mánaða eru óbreyttar, þ.e. að samsett hlutfall ársins 2022 verði á bilinu 95-97% og hagnaður af váttryggingastarfsemi fyrir skatta verði um 1.400-1.800 m.kr. Horfur til næstu 12 mánaða gera ráð fyrir að samsett hlutfall verði um 95% og hagnaður af váttryggingastarfsemi fyrir skatta nemi um 2.200 m.kr.

Af starfseminni eru margar ánægjulegar fréttir úr fjórðungnum. Sjóvá fékk viðurkenningu FKA og Jafnvægisvogarinnar sem veitt er þeim fyrirtækjum sem þykja skara fram úr í jafnréttismálum. Við erum alltaf jafn stolt af viðurkenningunni og ekki síður stolt af því að vera einn aðalbakhjarl þessa verkefnis þar sem stefnt er að því að hlutfall kvenna í framkvæmdastjórnnum verði a.m.k. 40% á landsvísu fyrir 2026.

Í byrjun október hlaut Sjóvá verðlaunin umhverfisframtak ársins 2022 frá Samtökum Atvinnulífsins fyrir að huga vel að umhverfisáhrifum í starfsemi fyrirtækisins. Viðurkenningin laut annars vegar að notkun Innsýnar þar sem hægt er að skoða, leiðbeina og jafnvel afgreiða tjón í gegnum farsíma tjónþola. Eins og nærri má geta sparar þetta tíma og getur dregið úr umfangi tjóns auk þess sem hundruðir ekinna kílómetra sparast. Einnig var veitt viðurkenning fyrir notkun framrúðuplástra sem eykur möguleika á að hægt sé að gera við framrúður í bílum í stað þess að skipta þeim út. Við þetta sparast miklir fjármunir sem viðskiptavinir og samfélagið allt njóta góðs af. Það skiptir Sjóvá miklu máli að leggja sitt af mörkum þegar kemur að umhverfismálum. Helstu tækifæri okkar á þessu sviði liggja eðli málsins samkvæmt í tjónavinnslu og forvörnum. Við viljum nýta þau tækifæri sem við höfum til að bæta þjónustu okkar við viðskiptavini um leið og við hugum að umhverfinu og hagsmunum samfélagsins alls. Þetta fer yfirleitt vel saman, líkt og framrúðuplástursverkefnið og fjarskoðunarlausnin Innsýn sýna. Við lítum á þessa viðurkenningu sem hvatningu til að halda áfram af krafti á þessari braut og það ætlum við sannarlega að gera.

Í september kom fyrsta björgunarskip Landsbjargar af þrettán til landsins og var það afhent í Vestmannaeyjum við hátíðlega athöfn. Við hjá Sjóvá erum stolt og ánægð að hafa styrkt Landsbjörg um 142,5 m.kr. til kaupa á fyrstu þremur skipunum og að geta stutt Landsbjörg í þessu stóra og mikilvæga verkefni. Það er mikið gleðiefni fyrir þjóðina að fá ný björgunarskip sem munu gjörbylta öryggi sjófarenda í kringum landið og þjónusta byggðir þess um leið. Við höfum sem aðalstyrktaraðili um áratuga skeið átt afar traust og gott samstarf við Slysavarnarfélagið Landsbjörg og er okkur því sérstakt ánægjuefni að styðja við þeirra mikilvæga starf með þessum hætti og sinna þannig um leið samfélagslegri ábyrgð okkar," segir Hermann Björnsson, forstjóri Sjóvá.

Kynningarfundur 27. október kl. 16:15

Markaðsaðilum og fjárfestum er boðið á kynningarfund í fundarsal félagsins í Kringlunni 5, 6. hæð þann 27. október kl. 16:15. Þar munu Hermann Björnsson forstjóri, Sigríður Vala Halldórsdóttir framkvæmdastjóri fjármála og upplýsingatækni og Þórður Pálsson forstöðumaður fjárfestinga kynna uppgjörið og fara yfir afkomu félagsins. Kynningunni verður jafnframt streymt á slóðinni <https://www.sjova.is/um-okkur/fjarfestar/afkomukynning-3f-2022/>.

Vilji aðilar bera upp spurningar má senda þær á netfangið fjarfestar@sjova.is fyrir fundinn eða á meðan á fundi stendur og verður þeim svarað í lok kynningarinnar.

Uppgjörsefni verður aðgengilegt á vef Sjóvár www.sjova.is/fjarfestar frá þeim tíma er kynningin hefst og verður upptaka af fundinum aðgengileg á sömu síðu að fundi loknum.

Fjárhagsdagatal

4F 2022 – 9. febrúar 2023

Aðalfundur 2023 – 10. mars 2023

Nánari upplýsingar

Meðfylgjandi er fréttatilkygning, samandreginn árshlutareikningur og fjárfestakynning Sjóvá-Almennra trygginga hf. vegna þriðja ársfjórðungs 2022.

Nánari upplýsingar veitir Andri Már Rúnarsson í síma 772-5590 eða fjarfestar@sjova.is.

	3F 2022	3F 2021	%	9M 2022	9M 2021	%
Vátryggingastarfsemi						
Iðgjöld tímabilsins	7.060	6.279	12,4%	19.469	17.657	10,3%
Hluti endurtryggj. í iðgjaldtekjum	-384	-215	78,2%	-1.029	-753	36,7%
Eigin iðgjöld	6.677	6.064	10,1%	18.440	16.904	9,1%
Fjárfestingatekjur af vátryggingarekstri	193	63	-	500	154	-
Aðrar tekjur	37	29	27,8%	207	158	30,8%
Heildartekjur af vátryggingarekstri	6.906	6.156	12,2%	19.147	17.215	11,2%
Tjón tímabilsins	-5.743	-4.458	28,8%	-15.246	-12.302	23,9%
Hluti endurtryggjenda í tjónum tímabilsins	389	4	-	631	113	-
Eigin tjón	-5.354	-4.454	20,2%	-14.615	-12.189	19,9%
Rekstrarkostnaður af vátryggingarekstri	-1074	-972	10,5%	-3.456	-3.154	9,6%
Heildargjöld af vátryggingarekstri	-6.428	-5.426	18,5%	-18.071	-15.342	17,8%
Hagnaður af vátryggingarekstri	478	730	-34,4%	1.076	1.874	-42,6%
Fjárfestingastarfsemi						
Fjárfestingatekjur af fjárfestingastarfsemi	10	1.889	-	514	6.313	-91,9%
Tæknil. vaxta- og gengisbr.vátryggingask.	-66	-17	-	129	124	4,4%
Rekstrarkostnaður af fjárfestingastarfsemi	-107	-108	-0,5%	-331	-305	8,4%
Tap/hagnaður af fjárfestingastarfsemi	-163	1.764	-	313	6.132	-94,9%
Hagnaður fyrir tekjuskatt	315	2.493	-87,4%	1.390	8.006	-82,6%
Tekjuskattur	-60	-299	-79,9%	-233	-634	-63,2%
Heildarhagnaður tímabilsins	255	2.194	-88,4%	1.156	7.372	-84,3%
Tjónahlutfall	81,3%	71,0%		78,3%	69,7%	
Endurtryggingahlutfall	-0,1%	3,4%		1,5%	3,3%	
Kostnaðarhlutfall	15,2%	15,5%		17,7%	17,9%	
Samsett hlutfall	96,4%	89,9%		97,6%	90,8%	
Rekstrarhlutfall	93,4%	88,6%		94,6%	89,5%	
Arðsemi eigin fjár eftir skatta á ársgrundv.	4,6%	37,8%		10,4%	42,3%	
Arðsemi eigin fjár fyrir skatta á ársgrundv.	5,7%	42,9%		12,6%	45,9%	
Hagnaður á hlut	0,22	1,68		0,98	5,65	
Niðurstaða endurtrygginga	9	-213		9	-213	
Vátryggingaskuld	39.156	34.638		39.156	34.638	
Heildareignir	68.082	69.842		68.082	69.842	
Eigið fé	19.940	25.106		19.940	25.106	
Gjaldþolshlutfall	1,54	1,68		1,54	1,68	
Lágmarksfjármagnshlutfall	3,66	4,78		3,66	4,78	

Fjárhæðir eru í milljónum króna

Samstæðureikningur Sjóvár fyrir þriðja ársfjórðung 2022 var samþykktur af stjórn og forstjóra á stjórnarfundi þann 27. október 2022. Árshlutareikningurinn hefur hvorki verið kannaður né endurskoðaður af endurskoðendum félagsins.